

Fundargerð aðalfundar Sýnar hf. 17. mars 2023

Föstudaginn 17. mars 2023 var aðalfundur Sýnar hf. haldinn rafrænt í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Hluthafar áttu þess jafnframt kost að mæta í höfuðstöðvar félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, þaðan sem fundinum var streymt. Fundurinn hófst kl. 10:00.

Setning fundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara og lögmæti fundar

Jón Skaftason, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Stjórnarformaður lagði til að Viðar Lúðvíksson lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri gerði tillögu um að Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari og var tillagan samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasiðu félagsins 23. febrúar 2023 og með auglýsingu í Fréttablaðinu 24. febrúar 2023. Meðfylgjandi fundarboði var dagskrá, ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Enginn hluthafi á fundinum hafði athugasemdir við hvernig boðað hafði verið til fundarins. Lýsti fundarstjóri því að til fundarins hefði verið boðað með lögmætum hætti í samræmi við ákvæði laga og samþykkta félagsins og lýsti fundinn lögmætan. Fundarstjóri upplýsti að fundurinn var auglýstur á ný í kauphöll 3. mars 2023 ásamt uppfærðum tillögum stjórnar, breytingartillaga Gildis lífeyrissjóðs við tillögu til breytinga á 13. gr. samþykkta félagsins var birt í kauphöll 7. mars 2023, breytt arðgreiðslutillaga var birt 13. mars 2023 og leiðréttting vegna útgreiðsludags á arði þann 15. mars 2023.

Fundarstjóri fór því næst yfir mætingu til fundarins en mætt var fyrir 14 hluthafa sem halda á 175.323.265 hlutum, eða sem nemur 65,33% heildarhlutafjár í féluginu.

Fundarstjóri gerði grein fyrir hverjir sátu fundinn. Fundinn sátu stjórnarmenn, þau Jón Skaftason, Rannveig Eir Einarsdóttir, Hákon Stefánsson, Páll Gíslason og Sesselía Birgisdóttir, auk Salóme Guðmundsdóttur varastjórnarmanns, og forstjóri félagsins, Yngvi Halldórsson, auk annarra úr framkvæmdastjórn. Einnig sátu fundinn Jóhann Óskar Haraldsson og Steina Dröfn Snorradóttir, frá Deloitte hf., endurskoðendaferma félagsins.

Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins, eins og hún hafði birst í fundarboði og þær breytingartillögur sem höfðu borist.

Fundarstjóri tók fram að unnt væri að senda skilaboð og fyrirspurnir með rafrænum hætti til fundarstjóra í gegnum rafræna kerfið. Þeir sem mættu til fundarins í eigin persónu gætu tekið til máls úr pontu. Fundarstjóri kynnti að atkvæðagreiðsla fær eiengöngu fram í gegnum rafræna fundarkerfið og vakti athygli á því að opnað hefði verið fyrir atkvæðagreiðslu fyrir allar fyrirliggjandi tillögur við setningu fundarins. Eftir kynningu á hverri tillögu fyrir sig yrði atkvæðagreiðslu vegna hennar lokað og úrslit atkvæðagreiðslunnar kynnt strax í framhaldinu. Engar athugasemdir voru gerðar við framangreint að hálfu fundargesta.

Því næst kynnti fundarstjóri helstu framkvæmdaatriði fundarins á ensku, m.a. um tilhögun atkvæðagreiðslu, en ítrekaði að fundarmálið væri íslenska.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Fundarstjóri gaf Jóni Skaftasyni, stjórnarformanni félagsins, orðið til að kynna skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Stjórnarformaður fór yfir helstu breytingar sem hefðu átt sér stað á starfsemi félagsins síðastliðið starfsár sem hefði ekki verið tiðindalaust. Nýir hluthafar hefðu komið að félaginu með haustinu og breytingar gerðar í framkvæmdastjórn. Stjórnarformaður þakkaði fyrrum forstjóra góð störf í þágu félagsins og bauð nýjan forstjóra og stjórnendur velkomna.

Með þessum breytingum hefði verið ráðist í umfangsmiklar hagræðingaðgerðir sem tekist hefðu vel. Þá hafi stofnnetið verið selt til Ljósleiðarans, en væntingar væru um að Samkeppniseftirlitið samþykkti viðskiptin á vormánuðum, sem myndi skila sér til hluthafa með einum eða öðrum hætti.

Stjórnarformaður vék að því að félaginu væri skipt í fjórar einingar og væri von félagsins að unnt væri að sýna hluthöfum og markaðsaðilum betur inn í einingarnar. Framtíðin væri björt þrátt fyrir áskoranir í efnahagsumhverfinu. Afkomuspá sem birt var á uppgjörsfundi síðastliðinn vetur bæri vott um enn batnandi rekstur. Þá vék stjórnarformaður að því að félög af sambærilegri stærðargráðu hefðu séð hag í því að afskrá sig af markaði en að hugur stjórnar Sýnar hf. stæði ekki til þess.

Stjórnarformaður vék stuttlega að því að fyrir fundinn hefði borist ein breytingartillaga frá Gildi lífeyrissjóði, sem lyti að skráningu hluthafa á hluthafafundi og frest hvað það varðar. Fyrir hönd stjórnar fagnaði stjórnarformaður tillögu Gildis og mæltist til þess við fundinn að breytingartillagan yrði samþykkt.

Fundarstjóri gaf orðið laust í kjölfar kynningar stjórnarformanns. Enginn tók til máls.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar

Fundarstjóri gaf Yngva Halldórssyni forstjóra orðið til að fara yfir ársreikning og rekstur félagsins á reikningsárinu 2022.

Forstjóri vék að helstu atriðum sem höfðu áhrif á ársreikninginn. Í fjarskiptum hefði verið góður tekjuvöxtur í fyrirtækjaviðskiptum en áfram væru krefjandi markaðsaðstæður á einstaklingsmarkaði. Hlutanetið (e. IoT) héldi áfram að vera vaxtabroddur með góðum stuðningi og tæknilausnum frá Vodafone Global. Í júní hefði verið undirritaður samstarfssamningur við Nova um 5G uppbyggingu og um 70 sendar gangsettir árið 2022.

Í fjölmöðlum hefði auglýsingasala gengið vel og skæri vefmiðillinn Vísir sig þar úr. Met áskrifendafjöldi væri á Stöð 2+ og mikill áhugi á Idol þáttaröðinni. Þá væri lögð áhersla á að lækka fjárfestingu í erlendum sýningarréttum og styrkja á sama tíma innlenda dagskrágerð.

Forstjóri vék að því að áfram yrði áhersla á aðhald í rekstri og eftirfylgni með hagræðingaaðgerðum í nóvember. Rekstur dótturfélagsins Endor hefði gengið vel og hefði Endor tekið við rekstri kerfisþjónustu félagsins. Samningur um sölu á stofnneti til Ljósleiðarans hefði verið undirritaður ásamt langtíma þjónustusamningi. Salan myndi koma til með að hafa jákvæð áhrif á rekstrarkostnað sem og fjárfestingarþörf. Forstjóri vék að því að fjárfesting í innri kerfum og viðskiptaferlum væri farin að bera ávöxt og myndi raungerast enn frekar á þessu ári. Þá hefðu langtímalán verið endurfjármögnum á hagstæðum kjörum. Árið 2022 hefði félagið skilað 2 milljörðum til hluthafa í gegnum endurkaup á eigin hlutabréfum. Ætlunin væri að skila enn frekari fjármunum til hluthafa. Þá væri félagið að taka mikilvæg

skref í átt að auknu sjálfbærni í starfseminni með innleiðingu á GRI (Global Reporting Initiative) sjálfbærnistaðlinum. Árs- og sjálfbærniskýrsla félagsins fyrir rekstrarárið 2022 fylgdi staðlinum.

Forstjóri fór yfir skipurit félagsins. Ætlun væri að skerpa enn frekar á skilum og aðgreiningu. Þá yrði upplýsingagjöf bætt enn frekar. Þá vakti forstjóri athygli á því að samningur við kaup á Já hf. hefði verið undirritaður fyrir nokkru sem myndi bætast við þessa mynd.

Loks fór forstjóri yfir helstu þætti í rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og sjóðsstreymi.

Að lokinni kynningu á ársreikningi gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls. Fundarstjóri bar undir atkvæði tillögu stjórnar um að fyrilliggjandi ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 yrði staðfestur.

Ársreikningur var samþykktur og staðfestur einróma án mótagkvæða.

3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2022

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrilliggjandi tillögu stjórnar um að greiddur yrði út arður til hluthafa á árinu 2023 vegna rekstrar ársins 2022 að fjárhæð kr. 300.000.000, en tillagan er eftirfarandi:

„Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 300.000.000.- vegna rekstrarársins 2022 eða um kr. 0,112 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í féluginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa þann 5. apríl 2023. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 17. mars 2023 og arðsleysisdagur er því 20. mars 2023. Arðsréttindadagur er 21. mars 2023, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá Sýnar hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 21. mars 2023.”

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótagkvæða.

4. Tillaga um lækkun hlutafjár með innlausn (ógildingu) eigin hluta félagsins í framhaldi af kaupum á eigin hlutum

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrilliggjandi tillögu stjórnar um að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 173.752.080 að nafnvirði með innlausn (ógildingu) viðkomandi eigin hluta félagsins.

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 17. mars 2023 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 173.752.080 að nafnvirði, einvörðungu með innlausn (ógildingu) viðkomandi eigin hluta félagsins (samtals 17.375.208 hluta sem eru samtals kr. 173.752.080 að nafnverði) á grundvelli ákvæða 54. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félugins lækkar þar með úr kr. 2.683.769.620 að nafnvirði í kr. 2.510.017.540 að nafnvirði. Þar sem um innlausn (ógildingu) á eigin hlutum félagsins er að ræða kemur ekki til greiðslu fyrir hlutina og verður því ekki talin þörf á innköllun til kröfuhafa félagsins, en ella skal óskað eftir undanþágu fyrirtækjaskrár frá innköllunarskyldunni. Stjórn félagsins skal samþykkja og gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins af þessu tilefni.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls. Fundarstjóri vakti athygli á því að 2/3 hluta greiddra atkvæða og að auki samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, þyrfti til þess að hún teldist samþykkt. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu því næst undir atkvæði.

3

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.

5. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins og um heimild til kaupa á eigin hlutum.

i. Breytingar á fyrirkomulagi boðunar aðal- og hluthafafunda

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrilliggjandi tillögu stjórnar um breytingar á fyrirkomulagi boðunar aðal- og hluthafafunda.

Tillaga stjórnar: Lagt er til að 13. gr. samþykktanna hljóði svo:

„*Til hluthafafundar skal boða með skriflegri eða rafrænni tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í kauphöll ef félagið er skráð á hlutabréfamarkaði. Til hluthafafundar skal boða minnst þremur vikum fyrir fund og til aðalfundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst sex vikum fyrir fund. Stjórn getur ákveðið að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn, sem skal þó eigi vera lengri en ein vika. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðisréttur á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur. Að öðru leyti fer um boðun og fyrirkomulag hluthafafundar og aðalfundar skv. ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995.“*

Jafnframt er lagt til að í 14. gr. samþykktanna hljóði svo:

„*Þegar boðað er til hluthafafundar skal dagskrá, tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar, starfskjarastefna og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni koma fram með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Stjórn skal kynna breytta dagskrá af þessu tilefni strax og tilefni gefst til. Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktuntillögur fyrir aðalfund ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Félagsstjórn skal a.m.k. þremur dögum fyrir aðalfund upplýsa hluthafa með öruggum hætti um kröfuna og eftir atvikum tillöguna, svo og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins, t.d. á vef félagsins eða í kauphöll sé félagið skráð á skipulegan markað. Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykkí allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.“*

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að breytingartillaga hefði borist frá Gildi lífeyrissjóði vegna tillögu stjórnar um breytingu á 13. gr. samþykktanna, eins og stjórnarformaður félagsins hafði farið yfir í skýrslu sinni.

Breytingartillaga Gildis lífeyrissjóðs: Lagt er til að 13. gr. samþykktanna hljóði svo:

„*Til hluthafafundar skal boða með skriflegri eða rafrænni tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í kauphöll ef félagið er skráð á hlutabréfamarkaði. Til hluthafafundar skal boða minnst þremur vikum fyrir fund og til aðalfundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst sex vikum fyrir fund. Stjórn getur ákveðið að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn sem skal þó eigi vera lengri en tveir dagar ein-vika. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðisréttur á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur. Að öðru leyti fer um boðun og fyrirkomulag hluthafafundar og aðalfundar skv. ákvæðum hlutafélagalaga, nr. 2/1995.“*

Fundarstjóri bauð fulltrúa Gildis lífeyrissjóðs á fundinum að kynna tillöguna frekar, sem þeir óskuðu ekki eftir. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri innti hluthafa eftir því hvort einhver óskaði þess sérstaklega að greidd yrðu atkvæði um upprunalega tillögu stjórnar, þ.e. án

breytingartillögu Gildis. Enginn óskaði eftir því. Fundarstjóri upplýsti fundinn að einungis yrðu þá greidd atkvæði um tillögu stjórnar með breytingartillögu Gildis lífeyrissjóðs og lagði jafnframt til að greidd yrðu atkvæði um tillöguna í einu lagi, þ.e. um breytingar á 13. og 14. gr. samþykkta félagsins saman. Enginn hreyfði athugasemdum við því.

Tillögurnar voru samþykktar með öllum atkvæðum fundarins.

ii. Að heimila féluginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að heimila féluginu kaup á allt að 10% af hlutafé þess.

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 17. mars 2023 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélag, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í féluginu, setja upp formlega endurkaupaætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt i samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.

6. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um stefnu um arðgreiðslu og/eða endurkaup eigin hluta.

„Stjórn Sýnar hf. hefur markað féluginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Í því skyni hefur félagið einkum þrjá valkost: beinar arðgreiðslur, niðurgreiðslu vaxtaberandi skulda og kaup á eigin hlutabréfum.

Stefnir félagið að því að skila hluthöfum verðmætum sem nema 30%-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem í kjölfar sölu eigna, stefnir félagið á að skila hluthöfum verðmætum umfram framangreind viðmið. Endanlegt framlag hvers árs mun ráðast af fjárhagslegri stöðu félagsins, fjárfestingabörfg og markaðsaðstæðum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.

7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi tillögu stjórnar um að starfskjarastefna félagsins yrði óbreytt frá síðasta fundi.

 5
JLH
UWT

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna.

„*Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlauun komandi starfsárs verði sem hér segir:*

- *Stjórnarformaður fái kr. 625.000 á mánuði.*
- *Varaformaður fái kr. 470.000 á mánuði.*
- *Aðrir stjórnarmenn fái kr. 310.000 á mánuði.*
- *Varastjórnarmenn fái kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund.*
- *Formenn undirnefnda fái kr. 125.000 á mánuði.*
- *Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 65.000. á mánuði, sbr. þó g. liður*
- *Kosnir meðlimir tilnefningarnefndar, sem og aðrir utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda, fái greitt á grundvelli samþykkts tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins.

9. Kosning til stjórnar félagsins

Fundarstjóri gaf formanni tilnefningarnefndar, Þresti Olaf Sigurjónssyni, orðið til að gera grein fyrir störfum og skýrslu tilnefningarnefndar.

Formaður tilnefningarnefndar fór yfir breytingar á stjórn félagsins á starfsárinu. Þá upplýsti formaður tilnefningarnefndar að það helsta sem hefði komið fram í samtölum nefndarinnar við hluthafa væri ósk um stöðugleika gagnvart samsetningu stjórnar og aðkomu hennar að rekstri félagsins. Af samtölum nefndarinnar við stjórnarmenn taldi nefndin að stjórn væri að vinna vel saman. Með það tvennt í huga lagði tilnefningarnefnd upp með eins litla breytingu og kostur var. Nefndin legði til óbreytt stjórn að öðru leyti en því að Salóme Guðmundsdóttir, varamaður í stjórn, kæmi í stað Sesselíu Birgisdóttur, sem hefði verið ráðin í framkvæmdastjórn félagsins. Við tilnefningu nýs aðila í varastjórn legði nefndin áherslu á tekujuhlið félagsins. Með hliðsjón af því legði nefndin til að Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir yrði kjörin í varastjórn.

Fundarstjóri kynnti þá aðila sem hafa gefið kost á sér til stjórnarsetu en í framboði til stjórnar voru eftirtaldir aðilar:

- Hákon Stefánsson
- Páll Gíslason
- Jón Skaftason
- Rannveig Eir Einarsdóttir
- Salóme Guðmundsdóttir

Páll 6
WT

Í framboði til varastjórnar voru eftirtaldir aðilar:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort einhver óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrálið. Svo var ekki.

Sjálfkjörið var í stjórn og varastjórn félagsins. Fundarstjóri óskaði frambjóðendum til hamingju með kjörið.

Fundarstjóri létt þess getið að upplýsingum hefði verið komið til hans þess efnis að vegna tæknilegra örðugleika hefðu atkvæði frá tilteknum hluthafa í fyrstu tveimur atkvæðagreiðslum fundarins, varðandi staðfestingu á ársreikningi félagsins og hvernig fara skyldi með afkomu félagsins á reikningsárinu 2022, skráðst sem „sítur hjá“. Hið rétta væri að viðkomandi hluthafi hefði viljað greiða atkvæði með viðkomandi tillögum, sem þar með teldust hafa verið samþykktar með öllum atkvæðum fundarins, en ekki einungis með meirihluta atkvæða.

10. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri kynnti að eftirtaldir aðilar gæfu kost á sér til setu í tilnefningarnefnd félagsins:

- Guðríður Sigurðardóttir
- Þróstur Olaf Sigurjónsson

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort einhver óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrálið. Svo var ekki.

Sjálfkjörið var í framangreind tvö sæti í tilnefningarnefnd. Fundarstjóri óskaði frambjóðendum til hamingju með kjörið. Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar myndi stjórn félagsins tilnefna þriðja nefndarmanninn í nefndina. Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig. Enginn óskaði eftir því.

11. Kosning endurskoðenda félagsins

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar þess efnis að Deloitte ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um tillöguna. Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með einróma án móttatkvæða, en hjá sátu 18.822.485 atkvæði.

12. Önnur mál löglega upp borin


Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum. Fundarstjóri gaf þá laust orðið um önnur mál. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

 7
MWT

Fundarstjóri bauð hluthöfum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundarmönnum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundarmanna óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fundarstjóri óskaði stjórnarmönnum og öðrum til hamingju með kjör sitt.

Fleira var ekki gert og var aðalfundi félagsins slitið kl. 10:54.



Viðar Lúðvíksson fundarstjóri



Unnur L. Hermannsdóttir fundarritari